

- a. við eigendaskipti milli hjóna,
- b. þegar maki við andlát hins makans eða við lögskilnað eða skilnað að borði og sæng yfirtekur ökutæki sem skráð er á nafn hins makans,
- c. þegar einstaklingur yfirtekur ökutæki sem er skráð á nafn sambúðarmanns eða konu, enda hafi sambúð þeirra verið skráð síðustu fimm árin,
- d. þegar einstaklingur við andlát yfirtekur ökutæki sem er skráð á nafn hins látna, enda hafi hlutaðeigandi haldið saman heimili síðustu tvö árin fyrir andlátíð, eða
- e. þegar einstaklingur við slit á skráðri sambúð yfirtekur ökutæki sem skráð er á nafn sambúðarmanns eða konu, enda hafi sambúðin varað síðustu fimm árin áður en sambúðarslit urðu.

3. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt 64. gr. og 64. gr. a. umferðarlaga, nr. 50 30. mars 1987, sbr. lög nr. 37 10. maí 1996, öðlast þegar gildi.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 7. júní 1996.

Þorsteinn Pálsson.

Ólafur W. Stefánsson.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um gerð og búnað ökutækja, nr. 411 11. nóvember 1993.

1. gr.

1. gr. breytist þannig:

Nýr liður, 01.86, orðist svo:

01.86 Námubifreið.

- (1) Bifreið sem hönnuð er stærri en hámarksgildi í reglum um stærð og þyngd ökutækja segja til um og einkum er ætluð til efnisflutninga utan vega eða innan afmarkaðra vinnusvæða.

2. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt umferðarlögum, nr. 50 30. mars 1987, öðlast þegar gildi.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 7. júní 1996.

Þorsteinn Pálsson.

Ólafur W. Stefánsson.